

Ársskýrsla Byggðasafns Vestfjarða fyrir árið 2023

Starfsemin.

Starfsemi Byggðasafns Vestfjarða árið 2023 var með líku sniði og áður.

Safnið var opið daglega frá kl. 10 -17 frá 16. maí til 31. ágúst, 11-15 til 15. september og eftir samkomulagi eftir það. Opið var um páska, á veturnóttum og aðra og þriðju helgi jólafestu auk daganna 14., 15., og 21. desember. Þann 28. desember var jólasýningin opin í tengslum við tónleika Hljómóra og mæltist það vel fyrir.

Aðgangseyrir á árinu var 1500 kr., 1100 kr. fyrir eldri borgara og hópa fleiri en 10. Frítt var fyrir börn á grunnskólaaldri. Verð til hópa á vegum Vesturferða var 950 kr. Frítt er inn á safnið á veturnóttum sem og á jólasýningu.

Fastir starfsmenn voru Finney Rakel Árnadóttir safnafræðingur sem fór tímabundið úr 80% í 40% stöðu á árinu, Jóna Símónía Bjarnadóttir forstöðumaður 100% og Þorsteinn Traustason sem eftirlitsmaður með húsum safnsins, lóð og bátum í 50% stöðu.

Auk þeirra voru sumarstarfsmenn Gunnar Smári Rögnvaldsson, Eldar Arnarson og Herbert Snorrason. Lydía Hrönn Kristjánsdóttir bættist í hópinn í ágúst og Berglind Björk Sveinsdóttir aðstoðaði m.a. við jólasýningu safnsins. Vilborg Pétursdóttir vann hjá okkur tímabundið í nóvember og desember og stóð vaktina með okkur á jólasýningu.

Gestir safnsins.

Gestir safnsins árið 2023 voru í heildina tæplega 18000, sem er mjög mikil aukning frá síðasta ári. Að venju heimsóttu fjölmargir Neðstakaupstað en stærsti hluti gesta frá vori til hausts eru farþegar af skemmtiferðaskipum. Auk þeirra koma hópar frá ýmsum ferðaskrifstofum sem og aðrir ferðamenn jafn íslenskir sem erlendir. Aðgangstekjur voru rúmar 18 milljónir króna en gert var ráð fyrir rúmum 14 milljónum í áætlun í upphafi árs. Mikil aukning varð einnig í sölu í safnbúð.

Tekið var á móti hópum frá Háskólasetrinu á árinu en íslenskunemar eru mjög duglegir að heimsækja okkur. Skólahópar frá grunnskólanum og leikskólum heimsóttu okkur um haustið og á jólafestu. Aðsókn á safnið á jólafestu var mjög góð en ekki er rukkað inn á sýninguna en gestum gafst kostur á að kaupa heitt súkkulaði.

Í júní var fundur norrænu utanríkisráðherranna haldinn á Ísafirði og móttaka haldin í Turnhúsinu af því tilefni. Í september fundaði embættismannanefnd í byggðapróun sem starfar innan norrænu ráðherranefndarinnar í Turnhúsinu.

Hagræðing og aðhaldsaðgerðir.

Áfram var reynt að draga úr kostnaði við rekstur safnsins eins og mögulegt er án þess þó að slíkt bitni á safneigninni sem og starfsemi safnsins.

Fundarhöld, ráðstefnur og fræðsla.

Forstöðumaður sat hún fundi SÍS – sambands íslenskra sjóminjasafna, en hún er ritari stjórnar. Starfsmenn sóttu farskólann sem þetta árið var haldinn í Amsterdam og fékk til þess styrk úr safnasjóði.

Í júní var farið í vettvangsferð til Danmerkur sem styrkt var af safnasjóði. Heimsótt voru söfn í Kaupmannahöfn. Farið var í opinbera heimsókn til Frilandsmuseet og farið í safnið í Amalienborg, Rosenborgarkastala og Þjóðminjasafnið í Kaupmannahöfn sem státar af fjölbreyttu og innihaldsmiklu sýningarrými.

Sýningar og samstarf.

Unnið var í sýningunni á 1. hæð en á árinu fékkst öndvegisstyrkur úr safnasjóði til að endurskoða grunnsýningu safnsins. Endanlegum breytingum á grunnsýningu verður ekki lokið fyrr en 2025.

Í byrjun október hélt Eiríkur Örn Norðdahl útgáfuhóf í Turnhúsinu vegna útkomu bókarinnar Náttúrulögmálin sem gerist á Ísafirði 1925.

Safnið tók þátt í Vetturnóttum með föndurdegi fyrir börnin – fljótt flýgur fiskisagan og tónleikum með Skúla Mennta og Gosa.

Þá var áfram unnið í safnbúðinni og nýjar vörur teknar inn í desember.

Sett var upp jólasýning í desember og safnið opið tvær helgar, líkt og áður hefur komið fram. Tekið var á móti skólahópum á sýninguna sem og eldri borgurum.

Safnið var og er í samstarfi við kvikmyndagerðarmenn vegna upptöku á íslenskri kvikmynd á Vestfjörðum vorið 2023 og safnið var svo vettvangur fyrir kvikmyndatökur vegna myndar Snævars Sölvasonar fyrrum starfsmanns safnsins.

Bárðarslippur.

Ekkert var unnið við slippinn á árinu frekar en árin á undan. Byggðasafn Vestfjarða hefur staðið að fjármögnun við viðgerð slíppsins hingað til. Ekki tókst að afla styrkja til frekari framkvæmda. Óhjákvæmilegt er að láta þess getið að slippurinn er í eigu Ísafjarðarbæjar sem fól safninu hann til umsjónar og varðveislu árið 2007.

Aðeins um báta safnsins.

Bátar safnsins eru 15, að auki eru tveir sem eru fóstaðir fyrir Þjóðminjasafn Íslands. Nokkur vinna hefur verið lögð í að afla fjármagns til báta síðustu ár og varð nokkur árangur af því árin 2022 og 2023. Styrkur fékkst úr safnasjóði til að framkvæma mat á ástandi bátanna og setja á það verðmiða. Þeirri vinnu lauk í árslok 2023 en helstu verkefni ársins voru eftirfarandi:

1. Gunnar Sigurðsson Ís 13. Báturinn var tekinn á land haustið 2018 og ekki sjósettur 2019 og 2020. Hann var sjósettur haustið 2021 til að athuga með leka og fannst leki aftarlega sem stefnt var á að gera við vorið 2022. Ekki tókst að fjármagna lagfæringar og bíður hann enn um sinn að komast á flot.
2. Jóhanna Ís 159. Báturinn var tekinn á land haustið 2018 og ekki sjósettur 2019. Búið var um bátinn fyrir vetrargeymslu á svæði safnsins og hann sjósettur sumarið 2020. Hann var svo málaður í sumarbyrjun 2021 og aftur 2022 þegar veður gaf og fór á flot. Jóhanna var sett á flot sumarið 2023 og prýddi pollinn fram eftir sumrinu.
3. Gestur frá Vigur. Báturinn var tekinn á land haustið 2018 og ekki sjósettur 2019. Búið var um bátinn fyrir vetrargeymslu á svæði safnsins og hann sjósettur sumarið 2020. Hefur verið sjósettur öll sumur síðan. Vélín hefur verið í yfirhalingu síðan 2021 en vonast var til þess að þeirri vinnu myndi ljúka á vordögum 2023. Úr því varð ekki en unnið er að lausn málsins. Dyttað er að honum eftir þörfum.
4. Eljan Ís 590 fór í all nokkra yfirhalingu í byrjun árs og búið er að mála hana og græja þannig að hún komist á flot sumarið 2024. Eftir stendur þó að fá varahluti í vélina, koma henni í og lagfæra rafmagn. Styrkur fékkst í viðgerðir árið 2022 frá fornminjasjóði og frekari styrkur kom 2023 sem og styrkur frá HG og Guðjóni Brjánssyni. Unnið er í að afla styrkja til að ljúka við vélina.
5. Sædis var við bryggju fram á haustið 2018 og þá tekinn á land. Hefur ekki verið sjósett aftur.
6. María Júlía BA 36 yfirgaf Ísafjörð á vordögum og hélt til Akureyrar þar sem unnið verður við að fjarlægja það sem þarf til að uppbygging geti hafist. Frá Akureyri mun hún fara til Húsavíkur.

Vélsmiðja G.J. Sigurðssonar á Þingeyri.

Smiðjan var því miður ekki mikið opin sumarið 2023. Enginn starfsmaður fannst á Þingeyri til að sinna safninu en reynt var að hafa opið nokkra daga síðla sumars með mannskap frá safninu á Ísafirði.

Geymslumál

Geymslumál safnsins eru ekki góð, aðal geymslan í Neðstakaupstað uppfyllir ekki öll skilyrði safnaráðs en unnið er í að bæta þar úr. Í ljós hefur komið að mygla er í húsnæðinu í smiðjunni í Neðstakaupstað eftir margra ára leka en stefnt er á að lagfæra þakið árið 2024. Þá þarf að tæma geymsluna sem þar er og yfirfara gripi. Þá á safnið gám þar sem geymd eru

ýmis tæki og stærri gripir, kominn er tími á viðhald á gámnum en æskilegt væri að koma þessum gripum í varanlegt húsnæði. Gripir frá Húsmæðraskólanum Ósk eru varðveittir í geymslu í kjallara gamla Landsbankans og einn af bátum safnsins er varðveittur í flugskýli á Ísafjarðarflugvelli. Þá er safnið með stærri gripi í geymsluhúsnæði í Engidal að ógleymdu sundhallarloftinu en þar er að finna talsvert af elstu gripum safnsins.

Safnið hefur sára þörf fyrir varanlegt varðveisluhúsnæði, sérstaklega fyrir stærri hluti og einnig báta safnsins, sem teknir eru á land yfir vetrarmánuðina. Mjög brýnt er að þessi vandi verði leystur á allra næstu árum.

Haldið var áfram að vinna í endurskipulagningu í aðal geymslu safnsins í Neðstakaupstað.

Skráning muna.

Unnið var við skráningar á árinu, um það sá Herbert Snorrason. Nú er búið að setja upp kerfi þar sem hægt er að skrá gripi í samhengi við eldri skráningar sem og að skrá alla færslu á gripum milli staða.

Aðföng til safnsins hafa aukist frá því sem var síðustu ár og má vafalaust þakka það auknum sýnileika safnsins á hinum ýmsu miðlum sem og vitundarvakningu um að hversdaghluturinn eigi líka heima á safni.

Stjórn safnsins.

Hana skipa Arna Lára Jónsdóttir fyrir Ísafjarðarbæ, Jón Páll Hreinsson fyrir Bolungarvíkurkaupstað og Bragi Þór Thoroddsen fyrir Súðavíkurhrepp. Ísafjarðarbær annaðist bókhald safnsins og einnig launabókhald. KPMG gekk frá ársreikningi safnsins.

Tekið saman af Jónu Símóníu Bjarnadóttur forstöðumanni í janúar 2024.